

Sp.

2. Tillaga til þingsályktunar

[2. mál]

um samninga við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson,
Guðmundur Karlsson, Oddur Ólafsson, Jón G. Sólnes,
Friðjón Þórðarson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka nú þegar upp samninga við Norðmenn um fiskveiðiréttindi og hagnýtingu auðæfa landgrunnins utan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands í norðurhöfum, umhverfis Jan Mayen.

Greinargerð.

Alþjóðalög í hafréttarmálum eru nú í mótun. Leitast er við að ná allsherjar-samkomulagi á grundvelli sanngirni og eðlilegrar niðurstöðu. Norðurlandþjóðir reyna að leysa mál sín með þetta sjónarmið að leiðarljósi og gefa í því efni gott fordæmi.

Eitt erfiðasta úrlausnarefnið í hafréttarmálum nú er einmitt hvernig leysa beri vanda í líkingu við þann, sem rís varðandi yfirráðin á Jan Mayen-svæðinu, þar sem um er að ræða hagsmunasvæði, sem fjarlægt ríki telur sig eiga tilkall til vegna óbyggðrar smáeyjar á landgrunni annars ríkis.

Helstu sjónarmiðin á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna eru þau, að slík vandamál beri að reyna að leysa með samkomulagi. Engar fastar reglur hafa þó enn myndast í þessu efni, en á næsta fundi ráðstefnunnar verða slík mál í brenni-depli. Gæti þá haft úrslitabýðingu, hvort þess háttar vandamál hefðu einhvers staðar verið leyst í þeim anda sanngirni og réttsýni, sem menn vona að felast muni í væntanlegum hafréttarsáttmála.

Hér er því gullið tækifæri fyrir vina- og frændþjóðir til að varða veginn og leysa í eitt skipti fyrir öll vandamál á víðáttumiklu hafsvæði með samningum, sem byggðir væru á sanngirnissjónarmiðum. Er ekki að efa, að Norðmenn mundu fúsir vilja reyna að leysa þennan vanda, áður en næsti fundur hafréttarráðstefnunnar hefst.